
Minnisblað

Dagsetning: 27. september 2021
Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir
Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra
Málsnúmer/skjalalykill: 21011462

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi sóttvarnaaðgerðir á landamærum vegna COVID-19.

Þann 1. júlí 2021 var skimunum hætt hjá farþegum á landamærum vegna COVID-19 sem framvísuðu fullgildum vottorðum um bólusetningu gegn COVID-19 eða vottorðum um fyrri covid sýkingu og sömuleiðis hjá börnum fæddum 2005 og síðar. Hins vegar þurftu þeir sem ekki gátu framvísað ofangreindum vottorðum áfram að framvísa neikvæðu PCR vottorði við byrðingu á landamærum sem ekki mátti vera eldra en 72 klst. gamalt, fá PCR sýni tekið við komuna til landsins og fara í 5 daga sóttkví sem lauk með annarri PCR sýnatöku. Þessi ákvörðun var tekin eftir að gögn hér sýndu að smit hjá fullbólusettum á landamærunum og þeim sem voru með yfirstaðna covid sýkingu voru fátíð (0,03-0,09%). Á þessum tíma voru önnur afbrigði en delta afbrigði veirunnar allsráðandi og höfðu rannsóknir sýnt að smit hjá fullbólusettum voru ekki algeng. Síðar átti hins vegar eftir að koma í ljós að delta afbrigði veirunnar sem varð allsráðandi í heiminum, átti talsvert auðvelt með að smita fullbólusetta. Skömmu áður en þessi breyting gekk í garð á landamærunum eða þ. 26. júní var öllum takmörkunum innanlands hætt og var það gert í ljósi góðrar stöðu faraldursins hér á landi og góðrar þátttöku í bólusetningum gegn COVID-19.

Fljótlega eftir að ofangreindar tilslakanir tóku gildi fór smitum af völdum COVID-19 að fjölga innanlands og náðu þau hámarki þ. 30. júlí en þá greindust 154 einstaklingar, nánast allir með delta afbrigði kórónaveirunnar. Í kjölfarið á þessari auknu útbreiðslu þá varð fjölgun á innlögnum á sjúkrahús (LSH) og alvarleg veikindi jukust. Frá 1. júlí 2021 hafa þannig um 4.900 einstaklingar greinst smitaðir hér á landi, 111 þurft á spítalainnlögn að halda, 19 lagst inn á gjörgæsludeild og þrír látist. Um helmingur þeirra sem greindust smitaðir og þurftu á spítalavist að halda var fullbólusettur. Þó að stór hluti þeirra sem smitaðist hafi verið fullbólusettur þá var greinilegt að bólusetning verndaði bæði gegn smiti og sérstaklega gegn alvarlegum veikindum því líkur á smiti hafa verið hér þrefalt hærri hjá óbólusettum en bólusettum og líkur á spítalainnlögn fimmfalt hærri. Engu að síður geta fullbólusettir smitast, veikst alvarlega og smitað aðra.

Vegna þeirrar hröðu aukningar á smitum sem sást í kjölfar afléttinga innanlandsaðgerða og aðgerða á landamærum þá var var ákveðið þ. 25. júlí sl. að herða aftur aðgerir innanlands. Þann 27. júlí voru aðgerðir á landamærum einnig hertar og var ákveðið að krefja alla farþega, aðra en börn, um neikvætt PCR eða antigen próf við komu. Þann 16. ágúst var svo ákveðið að allir sem hingað koma og hafa tengsl innanlands þurfi ennfremur að fara í sýnatöku innan 48 klst. eftir komu. Núverandi fyrirkomulag sóttvarnaáðstafana á landamærum gildir til og með 1. október 2021.

Eftir að aðgerðir voru hertar innanlands og á landamærum í júlí og ágúst, hefur daglegum smitum fækkað og eru þau nú um 20-40, breytilegt eftir daglegum fjölda tekinna sýna. Sömuleiðis hefur innlögnum á sjúkrahús fækkað og eru nú um 7 einstaklingar inniliggjandi á LSH, þar af þrír á gjörgæslu og tveir í öndunarvél.

Á tímabilinu 23. ágúst 2021 til 22. september komu alls um 132 þúsund ferðamenn til landsins og þar af 65 þúsund sem fóru inn í landið eða um 2.200 manns á dag að meðaltali. Auk þess komu hingað um 67.000 manns sem skiptifarþegar en höfðu ekki tengsl við landið a.ö.l. Af þessum 65 þúsund

ferðamönnum sem komu inn í landið þá greindust 173 með smit (0,3%) og er þetta hlutfall hærra en áður hefur sést á landamærum og greint var frá í minnisblaði þ. 17. júlí sl.

Af þeim 173 sem greindust á landamærum þá voru 52 Íslendingar eða einstaklingar með víðtækt tengslanet innanlands af um 32 þúsund manns (0,2%). Allir þetta fólk framvísaði neikvæðum PCR- eða hraðgreiningaprófum við komuna til landsins sem ekki voru eldri en 72 klst. gömul. Af 2.350 einstaklingum sem ekki framvísaði vottorðum um bólusetningu eða yfirstaðna covid sýkingu, þá greindust 18 (0,8%) í fyrri skimun og fjórir í þeirri síðari (0,25%) eftir 5 daga sóttkví. Alls greindist smit því hjá um 1% þessara farþega. Að auki þá greindust 99 innan einnar viku frá komu hingað til lands sem teljast til landamærasmita í þessu uppgjöri.

Það er því ljóst að smit halda áfram að berast hingað til lands með bólusettingum og óbólusettingum einstaklingum eins og fyrr í þessum faraldri. Raðgreining Íslenskrar erfðagreiningar sýnir jafnframt að smit frá fáum einstaklingum, bólusettingum og óbólusettingum dugar til að setja af stað útbreiddan faraldur innanlands.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur hér á landi af faraldrinum undanfarnar vikur og mánuði þá tel ég ráðlegt að viðhafa áfram takmarkanir á landamærum til að lágmarka dreifingu veirunnar hingað til lands. Að mínu mati eru forsendur þess að hægt verði að slaka að mestu á takmörkunum innanlands þær, að virkar sóttvarnir verði viðhafðar á landamærunum.

Ég legg því til eftirfarandi sóttvarnir á landamærunum frá 1. október 2021:

- I. **Allir farþegar sem koma til Íslands, íslenskir og erlendir, verði krafðir um neikvæð PCR eða antigen vottorð við byrðingu erlendis og á landamærum og sem ekki eru eldri en 72 klst. gömul.** Flutningsaðilum verði skylt að skoða þau vottorð sem íslensk stjórnvöld krefjast við byrðingu erlendis og að auki verða þessi vottorð yfirfarin á landamærum hér skv. verklagi.

Undanþegnir þessum vottorðum verði:

- a. Íslendingar og þeir sem eiga hér víðtækt tengslanet en þeir þurfi að undirgangast PCR eða hraðgreiningapróf innan 48 klst. eftir komu hingað til lands (sjá að neðan). Um 1.000 farþegar á dag hafa sl. mánuð uppfyllt þessi skilyrði.
 - b. Börn fædd 2005 og síðar.
 - c. Farþegar sem einungis koma hingað sem skiptifarþegar/tengifarþegar en fara ekki út fyrir landamærastöð. Um 2.000 tengifarþegar að meðaltali hafa komið hingað daglega á undanförunum dögum.
- II. **Allir farþegar sem hingað koma og ekki eru með vottorð um fyrri sýkingu eða bólusetningu** verði áfram gert að fara hér í sýnatöku (PCR) á landamærum, fimm daga sóttkví og aðra sýnatöku að henni lokinni. Undanfarið hafa um 80 einstaklingar á hverjum degi uppfyllt þessi skilyrði

Börn fædd 2005 og síðar verði áfram undanþegin öllum aðgerðum á landamærum.

- III. **Öllum farþegum með íslenska kennitölu eða víðtækt tengslanet hér á landi verði gert að undirgangast eina sýnatöku (PCR eða hraðgreiningapróf) við komuna hingað til lands eða innan 48 klst. eftir komu.** Þetta er gert til lágmarka áhættu á smiti innanlands frá þessum áhættuhópi en eins og áður hefur verið greint frá má rekja flest smit innanlands að undanförunu til þessa hóps. Undanfarið hafa um 1.000 farþegar daglega uppfyllt þessi skilyrði.

Börn fædd 2005 og síðar verði áfram undanþegin öllum aðgerðum á landamærum.

- IV. **Hætt verði að viðurkenna mótefnaþælingar gegn SARS-CoV sem staðfestingu um afstaðna sýkingu af völdum COVID-19.** Túlkun á niðurstöðu mótefnaþælinga gegn SARS-Cov-2 er erfið og ekki hægt að fastsetja að ákveðin mæligildi jafngildi vernd. Auk þess munu evrópsk vottorð ekki innihalda niðurstöður mótefnaþælinga og fá lönd nota þessar mælingar sem mælikvarða á afstaðna sýkingu. Þessu þarf því að breyta í núverandi reglugerð um vottorð á landamærum um afstaðna sýkingu.

- V. **Ný reglugerð um aðgerðir á landamærum verði látin gilda í a.m.k. einn mánuð.** Á þeim tíma verði kannaður fýsileiki þess að skima alla farþega með PCR eða hraðgreiningaprófi við komuna hingað til lands og fella þannig niður kröfu um vottorð um bólusetningu eða fyrri sýkingu af völdum COVID-19.